

3) Stefndi, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f. h. Vélstjórafélags Íslands, er bótaskylt gagnvart stefnanda, Landssambandi íslenzkra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Þorlákshafnar, vegna tjóns af framangreindu ólögmaetu verkfalli.

Stefndi greiði stefnanda kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 19. marz 1969.

Nr. 7/1968.

**Alþýðusamband Íslands f. h. Verkalýðs-  
félagsins Jökuls, Hornafirði, vegna skipverja  
á m/b Akurey, SF 52,**

(Egill Sigurgeirsson hrl.)

gegn

**Landssambandi íslenzkra útvegsmanna f. h.  
Útgerðarmannafélags Hornafjarðar og  
Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f**

(Árni Halldórsson hrl.).

D ó m a r a r :

Hákon Guðmundsson, Gunnlaugur E. Briem, Einar Arnalds,  
Einar B. Guðmundsson og Ragnar Ólafsson.

Skýrð ákvæði kjarasamnings um fiskverð til sjómanna.

### Dómur.

Mál þetta er höfðað fyrir Félagsdómi með stefnu, dags. 11. desember f. á., af Alþýðusambandi Íslands f. h. Verkalýðsfélagsins Jökuls vegna skipverja á m/b Akurey gegn Landsambandi íslenzkra útvegsmanna f. h. Útvegsmannafélags Hornafjarðar og Djúpavogs vegna Hauks Runólfssonar h/f, Hornafirði, eiganda m/b Akureyjar, SF 52.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að dæmt verði, að stefnda, eiganda m/b Akureyjar, SF 52, sé skylt að greiða skipverj-

um á m/b Akurey, SF 52, fiskverðshækkun á aflainnlegg bátsins hjá Fiskvinnslustöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga, sem hér segir:

- Fyrir árið 1965 — 6% fiskverðshækkun á aflainnlegg
- 1966 — 8% fiskverðshækkun á aflainnlegg og
- 1967 — 5% fiskverðshækkun á aflainnlegg.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans eftir mati dómsins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Málavextir eru þessir:

Í 10. grein kjarasamnings, dags. í janúar 1964, milli útgerðarmanna í Hornafirði og sjómannadeildar verkalýðsfélagsins Jökuls segir svo:

„Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og hein“.

Hraðfrystistöðin K.A.S.K., sem er eign Kaupfélags Austur-Skaftfellinga og eina frystihúsið og eini fiskkaupandinn á Höfn í Hornafirði, keypti árin 1965, 1966 og 1967 þann hluta afla m/b Akureyjar, sem lagður var á land í Höfn nefnd ár. Var útgerð nefnds báts, Haukur Runólfsson h/f, einn af fleiri útvegsmönnum þar eystra, sem samið höfðu við Hraðfrystistöðina K.A.S.K. um kaup á afla báta sinna. Greiddi hraðfrystistöðin gangverð fyrir aflann við móttöku, þ. e. það verð, sem Verðlagsráð sjávarútvegsins ákvað á hverjum tíma.

Á aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hinn 7. júní 1966 var meðal annars gerð sú ráðstöfun á tekjuafgangi félagsins árið 1965, að greiða 6% arð „til samningsbundinna báta 1965“, sem lagt höfðu upp afla sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. nefnt ár.

Þá var á aðalfundi kaupfélagsins 18. júní 1967 samþykkt að greiða 8% arð af tekjuafgangi ársins 1966 til „samningsbundinna báta“, sem lögðu upp afla sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. síðastnefnt ár og loks var á aðalfundi sama félags hinn 9. júní 1968 samþykkt sú tillaga félagsstjórnarinnar, að greiða samningsbundnum bátum, sem lagt höfðu

upp afla sinn hjá nefndri fiskvinnslustöð árið 1967, 5% arð af innlögðum afla nefnt ár.

Í málf lutningi er það fram komið um viðbrögð stefnanda í ágreiningsmáli þessu, að í bréfi, dags. 1. júlí 1967, eða nokkru eftir aðalfund kaupfélagsins það ár, skýrir Verkalýðsfélagið Jökull Alþýðusambandi Íslands frá því, að kominn sé upp ágreiningur milli sjómanna annars vegar og útvegsmanna á Hornafirði hins vegar, um það, hvort sjómönnum beri hlutur úr ágóðahlut þeim, sem kaupfélagið hafi nú í tvö ár veitt útvegsmönnum, 6% fyrir árið 1965 og 8% fyrir árið 1966. Leitar félagið eftir álit sambandsins um þenna ágreining. Í áframhaldi af þessu ritar svo verkalýðsfélagið útvegsmönnum á Hornafirði bréf hinn 19. desember 1967 og skýrir þar frá því, að á fundi hinn 18. s. m. hafi sjómenn samþykkt að krefjast sama hundraðshluta af útgerðarmönnum og þeir síðarnefndu hafi fengið frá kaupfélaginu fyrir árin 1965 og 1966.

Útvegsmenn höfnuðu þessari kröfu sjómanna á fundi 28. desember 1967 og tilkynntu verkalýðsfélaginu þá ákvörðun með bréfi, dags. 4. janúar 1968. Viðræður um ágreining þenna fóru fram milli aðilja eða umboðsmanna þeirra á árinu 1968 og höfðaði stefnandi því næst mál þetta, svo sem að framan greinir.

Framangreindur kjarasamningur, er gerður var í janúar 1964, var í gildi óbreyttur árin 1965 til 1967 að háðum meðtöldum og mun hafa framlengt samkvæmt ákvæðum sínum um hver áramót án sérstakra viðræðna aðilja.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að arður sá, er aðalfundur Kaupfélags Austur-Skaftfellinga hafi samþykkt árin 1966, 1967 og 1968 að greiða til samningsbundinna báta, er lagt höfðu upp afla hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. árin 1965—1967, hafi verið bein hækkun á fiskverði til útvegsmanna, umfram það gangverð, sem áður hafi verið greitt. Samkvæmt 10. gr. kjarasamnings þess, er í gildi var nefnd ár, sé um það samið, að skipverjum skuli tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaðurinn fái. Af þessu ákvæði leiði, að skipverjar á m/b Akurey eigi tvi-mælalausán rétt á því, að njóta góðs af arði þeim, sem

kaupfélagið ákvað á framangreindum aðalfundum að greiða útvegsmönnum, en hann sé bein hækkun á fiskverði. Hafi útvegsmenn með hinu skýlausa samningsákvæði 10. gr. kjarasamningsins skuldbundið sig fyrirfram til þess að láta sjómenn njóta góðs af hverri hækkun á fiskverði, þótt þær kæmu fram eftir afhendingu aflans til kaupanda fiskisins. Telur stefnandi það engu máli skipta, hvað vakað hafi fyrir Kaupfélagi Austur-Skaftfellinga með áðurgreindri arðgreiðslu. Þá neitar hann því, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi með tómlæti eða á annan hátt fyrirgert rétti sjómanna til að krefjast uppbótar á fiskverð það, er þeir fengu í upphafi, og telur það eigi neinum vandkvæðum bundið að fá rétta niðurstöðu um það, hverja fjárhæð einstakir sjómenn eigi að fá.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að á Höfn í Hornafirði hagi svo til, að Fiskvinnslustöð K.A.S.K. sé eina frystihúsið þar á staðnum. Hafi fiskvinnslustöðin því undanfarin ár getað skilað álitlegum hagnaði. Hún reki hins vegar enga útgerð, heldur sé sá rekstur allur í höndum einstaklinga eða félaga þar á staðnum, án beinnar þátttöku fiskvinnslustöðvarinnar. Útgerð hafi hins vegar, eins og vitað sé, gengið heldur báglega undanfarin ár og hafi eigandi fiskvinnslustöðvarinnar, Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, sem þurfi á hráefni að halda til vinnslu í stöð sinni, valið þann kostinn að styrkja útvegsmenn í rekstri þeirra, til þess að komast hjá því að taka beinan þátt í útgerð til öflunar hráefnis. Hafi aðstoð þessi verið fólgin í ýmis konar fyrirgreiðslu og aðstoð, svo sem að taka ábyrgð á lánnum, láta bátum í té beitusild án endurgreiðslu og jafnvel hjálpa mönnum til að eignast báta. Þrátt fyrir þetta hafi margir útgerðarmenn á Hornafirði safnað skuldum hjá kaupfélaginu. Hafi því raunverulega ekki aðrir kostir verið fyrir hendi fyrir kaupfélagið en að fiskvinnslustöðin gerði eitt af tvennu, að taka sjálf rekstur bátanna, eða auka aðstoð sína við útvegsmenn. Af þessum sökum hafi verið horfið að því ráði árið 1966 að greiða útgerðarmönnum styrk í formi arðgreiðslu, og hafi þetta form á aðstoðinni verið valið fyrst og fremst af skatta- legum ástæðum. Hafi sjómönnum á Hornafirði, svo og stjórn-

endum Verkalýðsfélagsins Jökuls þegar í upphafi verið fullkunnugt um þessa aðstoð og ástæður þær, er til hennar lágu. Hér hafi raunverulega verið um beinan styrk til útgerðarmanna að ræða, en ekki uppbætur á fiskverði, er koma ættu til skipta milli sjómanna sjálfra. Höfuð forsenda þessarar greiðslu af hálfu kaupfélagsins, hafi verið sú, að styrkja útvegsmenn. Af þessu leiði, að greiðslur þær, sem um er deilt í máli þessu, séu ekki hluti af fiskverði því, sem sjómenn eigi hlutdeild í samkvæmt 10. gr. kjarasamnings málsaðilja. Beri því þegar af þessum ástæðum að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu. Þá telur stefndi og að hafa verði það í huga við skýringu á ákvæðum 10. gr. kjarasamningsins, að þau eigi rætur sínar að rekja til eldra ástands og séu miðuð við aðrar aðstæður í fisksölumálum en nú sé búið við. Þá hefur stefndi haldið því fram, að það geti orðið mjög erfitt og jafnvel óframkvæmanlegt að komast að rétttri niðurstöðu um það, hvaða sjómenn eigi rétt til uppbótar á afla í hvert sinn, ef úrslit málsins yrðu þau, að sjómenn yrðu taldir eiga rétt til hlutdeildar í styrk þeim, er útvegsmenn fengu. Þá sé einnig á það að líta, að hagnaður hraðfrystihúss K.A.S.K. árið 1965 sé að verulegu leyti fenginn af erlendum verðhækkunum á fiski upp úr áramótum 1964/1965, sem leitt hafi til þess, að birgðir í árslok 1964 hafi selzt mun hærra verði en gert hafi verið ráð fyrir. Hafi þessi þróun haldizt allt til ársins 1967 og geti greiðslur K.A.S.K. til útvegsmanna einstök ár því ekki verið mælikvarði á það, hvað greiða skuli í „arð“ vegna raunverulegrar útkomu á fiski einstök ár.

Loks hefur stefndi haldið því fram, að jafnvel þótt svo yrði dæmt, að sjómenn hefðu átt að fá hlutdeild í þeim greiðslum kaupfélagsins til útgerðarmanna árin 1966—1968, sem um er deilt í máli þessu, þá hafi sá réttur fallið niður vegna tómlætis stefnanda. Útvegsmenn hafi tekið við oftnefndum greiðslum í góðri trú um það, að sjómenn ættu ekki neina hlutdeild í þeim. Eigi sé heldur vitað, að nokkur skipverji á bátum í eigu útgerðarmanna á Hornafirði og Djúpavogi hafi gert fyrirvara um reikningsskil á aflahlut sínum árin 1966 og 1967 og hafi þeim þó verið fullkunnugt

um greiðslur K.A.S.K. Þá bendir stefndi og á það, að formaður Verkalýðsfélagsins Jökuls og annar maður úr stjórn þess hafi verið fulltrúar Hafnardeildar Kaupfélags Austur-Skaftfellinga á þeim aðalfundum, sem ákváðu uppbótar-greiðslurnar til útvegsmanna, og þær auk þess verið á almannavitorði þar eystra, þegar eftir aðalfundinn 1966. Samt sem áður hafi verkalýðsfélagið ekki hreyft máli þessu við útgerðarmenn fyrr en 19. desember 1967, er félagið bar fram áðurnefnda umkvörtun sína. Geti það því ekki nú eftir á krafið útgerðarmenn um hlutdeild í oftnefndum arðgreiðslum, sem þeir hafi fyrir löngu ráðstafað til annarra þarfa útgerðarinnar.

Samkvæmt framangreindum ákvörðunum aðalfunda Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árin 1966, 1967 og 1968 að greiða arð til „sammingsbundinna báta“ af tekjuafgangi næsta árs á undan, skyldi útgerð hvers sammingsbundins báts — en útgerð m/b Akureyjar, SF 52, var ein þeirra — fá ákveðinn hundraðshluta í uppbætur á andvirði þess afla, sem lagður hafði verið inn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. árið áður. Hefur því eigi verið andmælt af hálfu stefnda, að kaupfélagið hafi innt af hendi þann arð, sem hver aðalfundur ákvað að veita. Verður að telja þessar arðgreiðslur til útvegsmanna, eins og þeim var háttað, beina hækkun á verði því, er áður hafði verið greitt fyrir innlagðan afla.

Með ákvæði 1. mgr. 10. gr. áðurnefnds kjarasammings, sem gerður var í janúar 1964 og var í gildi á því tímabili, sem til álita kemur í þessu máli, er svo um samið, að skipverjar fái „aldrei lægra“ verð fyrir seldan afla „en útgerðarmaður fær“. Með vísun til þessa afdráttarlausu ákvæðis verður að telja, að skipverjar á m/s Akurey, SF 52, hafi öðlzt rétt til sama hundraðshlutar úr hendi útgerðar m/s Akureyjar, Hauks Runólfssonar h/f, í uppbót á innlagðan aflahlut sinn hjá Fiskvinnslustöð K.A.S.K. og hlutafélagið sjálft fékk samkvæmt ákvörðunum aðalfunda kaupfélagsins nefnd ár. Haggar það eigi þessari réttarstöðu skipverjanna, þótt tilgangur kaupfélagsins með nefndum arðgreiðslum kunní að hafa verið sá einn, að veita eigendum bátanna, ein-

stökum útvegsmönnum eða útgerðarfélögum, beinan fjárstyrk til útgerðar sinnar.

Þá kemur til úlita sú varnarástæða stefnda, að réttur skipverja á m/b Akurey árin 1965, 1966 og 1967 til umdeildra uppbóta á fiskverð það, er þeir fengu, sé — þótt hann kynni að hafa verið fyrir hendi — fallinn niður með fyrirvaralausum kvittunum sjómanna við reikningsskil nefnd ár.

Með hliðsjón af 7. gr. laga nr. 80/1938 verður eigi fallizt á þessa varnarástæðu stefnda.

Að því er varðar tómlæti af hálfu stefnanda um heimtu á framangreindum arðshluta sjómönnum á m/b Akurey til handa, en Verkalýðsfélagið Jökull er réttur fyrirvaraðili um það mál, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938, er það fram komið í máli þessu, að formaður Verkalýðsfélagsins Jökuls, Benedikt Þorsteinsson, og stjórnarnefndarmaðurinn Ragnar Snjólffsson, en þeir voru báðir í stjórn félagsins þau ár, sem hér skipta máli, sátu báðir aðalfundi Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árin 1966 og 1967 og Benedikt árið 1968 sem fulltrúar Hafnardeildar kaupfélagsins. Vegna þessarar fundarsetu þeirra mátti stjórn Verkalýðsfélagsins Jökuls þegar eftir aðalfundinn 1966 vera kunnugt um 6% arðgreiðslu þá til samningsbundinna báta fyrir árið 1965, sem samþykkt var á nefndum fundi.

Það er af atriði, að eigi sé látið undir höfuð leggjast að kröfur samkvæmt almennum ákvæðum kjarasamninga séu settar fram við vinnuveitendur jafnskjótt og tilefni gefst til, ef stjórn verklyðsfélags telur, að frávik eigi sér stað frá því, að ákvæðum kjarasamninga sé framfylgt, svo vinnuveitendur geti eigi staðið í þeirri trú, að félagið hafi samþykkt frávik, sbr. niðurlag 7. gr. laga nr. 80/1938. Í máli þessu er ekki komið fram, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi hafizt handa um það, að krefja útvegsmenn um mögulega hlutdeild sjómanna í arðsúthlutun þeirri, sem samþykkt var þeim fyrrnefndu til handa 7. júní 1966, fyrr en 17. desember 1967, eða hálfu öðru ári síðar, enda þótt stjórn Jökuls hlyti frá upphafi, eins og á stóð, að hafa vitneskju um arðsúthlutunina. Telur dómurinn, að af þessum ástæðum verði útgerð

m/b Akureyjar, SF 52, eigi nú krafín um greiðslu til sjó-  
manna á nefndu skipi vegna þeirrar arðsúthlutunar Kaup-  
félags Austur-Skaftfellinga, sem samþykkt var á aðalfund-  
inum 7. júní 1966.

Að því er varðar arðsúthlutun þá, sem samþykkt var á  
aðalfundinum 17. júní 1967, þá er það, eins og áður er rakið,  
að visu ekki komið fram, að Verkalýðsfélagið Jökull hafi  
krafizt hlutdeildar skipverja á sama bát í henni fyrr en 17.  
desember sama ár, en eftir atvikum þykja þó ekki nægar  
ástæður til þess að sýkna stefnda af kröfu stefnanda vegna  
tóm lætis um heimtu, að því er þá arðsúthlutun varðar. Og  
árið 1968 var málum svo komið, að stefndi gat eigi verið í  
vafa um það, að stefnandi mundi krefjast hlutdeildar í þeim  
arði, sem aðalfundur kaupfélagsins 1968 ákvað að veita  
„samningsbundnum bátum“.

Samkvæmt þessu verður niðurstaða málsins sú, að viður-  
kenndur er réttur skipverja á m/b Akurey, SF 52, til 8%  
fiskverðshækkunar á aflainnlegg þeirra hjá Fiskvinnslustöð  
Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árið 1966 og 5% fiskverðs-  
hækkun á aflainnlegg þeirra hjá sömu fiskvinnslustöð árið  
1967.

Eftir atvikum og málavöxtum þykir mega láta málskostnað  
falla niður.

#### Dómsorð:

Skipverjar á m/b Akurey, SF 52, eign Hauks Runólfs-  
sonar h/f, eiga rétt á 8% hækkun á verði á þeim fiskafli  
af nefndu skipi, er kom í þeirra hlut og lagður var inn  
hjá Fiskvinnslustöð Kaupfélags Austur-Skaftfellinga árið  
1966 og 5% hækkunar á þeim afla þeirra á sama skipi,  
er lagður var inn hjá sömu stöð árið 1967.

Málskostnaður fellur niður.